

# Persónuverndarstefna Afkomu váttryggingamiðlunar

Persónuvernd þín skiptir okkur máli. Afkoma váttryggingamiðlun, kt. 420318-0730, Lynghálsi 9, 110 Reykjavík, (hér einnig vísað til sem „félagið“ eða „okkur“) er umhugað að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins. Þessi persónuverndarstefna er sett með vísan til gildandi laga um persónuvernd. Henni er ætlað að upplýsa viðskiptavinum okkar um meðferð og meðhöndlun persónuupplýsinga hjá okkur. Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

## Hvaða persónuupplýsingum söfnum við og af hverju?

Afkoma vinnur fyrst og fremst með persónuupplýsingar sem viðskiptavinur gefur sjálfur, t.d. þegar óskað er eftir váttryggingu eða við tjónsatburð. Viðskiptavinur gefur upp persónuupplýsingar

Afkoma vinnur fyrst og fremst með persónuupplýsingar sem viðskiptavinur gefur okkur sjálfur. Þegar við veitum ráðgjöf eða miðlum váttryggingum, óskum við eftir ýmsum upplýsingum um þig, allt eftir eðli máls hverju sinni. Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem Afkoma vinnur um einstaklinga í viðskiptum við félagið:

- ❖ Samskiptaupplýsingar: nafni, , tölvupósti, símanúmeri og heimilisfangi, lögheimili og dvalarstað.
- ❖ Kennitala
- ❖ Kyn
- ❖ Fjölskylduaðstæður, hjúskaparstöðu og börn á framfæri.
- ❖ Fjárhagsstöðu, s.s.. eignir, skuldir, tekjur, lífeyrissjóðsgreiðslur og aðrar fjárhagslegar upplýsingar.
- ❖ Atvinna, menntun og aðild að stéttarfélagi.
- ❖ Váttryggingar sem þú hefur keypt, s.s. tegund trygginga, fjárhæð iðgjalda, tjónasögu
- ❖ Heilsufarsupplýsingar í tengslum við tiltekna tegundir váttrygginga.

Við rekstur og framkvæmd þinna váttryggingasamninga kunnum við að skrá og vista allar aðgerðir þínar en það er nauðsynlegt til þess að við getum efnt samningsskyldur okkar við þig, meðal annars til að aðstoða við iðgjaldagreiðslur eða til hafa milligöngu um tjónakröfur þínar. Þá vinnum við upplýsingar um váttryggingataka mismunandi váttryggingafélaga á sama grundvelli.

Auk framangreindra upplýsinga kann Afkoma að safna og vinna aðrar upplýsingar sem viðskiptavinir eða forsvarsmenn félaga í viðskiptum láta okkur í té. Upplýsingarnar eru unnar fyrst og fremst til að geta efnt þjónustu við viðskiptavini okkar og til að sinna öðrum þeim skyldum sem leiða af þjónustu við viðskiptavini, en einnig fer vinnslan fram á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar af því að tryggja að viðskiptavinir félagsins fái góða þjónustu. Þá kunna upplýsingar að vera unnar á grundvelli lagaskyldu og óháð þeirri þjónustu sem félagið hefur tekið að sér að veita viðskiptavinum, t.d. hvað varðar reglur um peningabætti.

Afkoma vinnur með persónuupplýsingar til að halda utan um markhópa og vinna skýrslur sem byggja á tölfraðilegum upplýsingum um viðskiptavini. Þetta er gert í því augnamiði að bæta þjónustu og þörfum viðskiptavina.

### **Heimild til vinnslu persónuupplýsinga**

Öll vinnsla Afkomu á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við persónuverndalöggjöf. Heimildin byggis m.a. á:

#### 1) Samþykki

Afkoma vinnur persónuupplýsingar um þig á grundvelli samþykkis þíns (sbr. 1. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018), t.d. við tryggingatöku. Í þeim tilvikum veitum við þér nánari upplýsingar um þá vinnslu persónuupplýsinga sem samþykkið nær til. Þér er heimilt draga samþykki þitt til baka hvenær sem er og þá er þeirri vinnslu sem samþykkið nær til hætt. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á vinnslu persónuupplýsinga fram að afturkölluninni en getur haft áhrif á hvort við getum veitt þér þjónustu eða efnt samning. Þér er einnig heimilt að neita að afhenda persónuupplýsingar en það getur haft áhrif á þá þjónustu sem við getum veitt þér.

#### 2) Til að uppfylla samningsskyldur okkar.

Við vinnum með persónuupplýsingar til að uppfylla og viðhalda skuldbindingu okkar við viðskiptavini og þau váttryggingafélög sem okkur er falið að eiga viðskipti við.

#### 3) Samkvæmt lagaskyldu

Afkoma hefur lagalega skyldu til að afla persónuupplýsinga vegna miðlunar váttrygginga. Váttryggingamiðlun ber að starfa á heiðarlegan, sanngjarnan og faglegan hátt í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á váttryggingamarkaði og með hag neytenda fyrir augum.

Skyldur þessar koma m.a. fram í lögum um váttryggingasamninga, nr. 30/2004 og lögum um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019.

Áður en váttryggingarsamningur er gerður skal váttryggingamiðlun skilgreina kröfur og þarfir váttryggingartaka á grundvelli upplýsinga frá honum sjálfum, sbr. 6. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar miðlað er váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum óskum við einnig eftir upplýsingum um reynslu og þekkingu viðskiptavinar á fjárfestingum, fjárhagsstöðu hans, þ.m.t. getu hans til að þola tap, og fjárfestingarmarkmið, þ.m.t. áhættuþol, svo að hægt sé að mæla með hentugri afurð. Án fullnægjandi upplýsinga getum við ekki metið hvort afurðin samrýmist þörfum þínum.

#### 4) Lögmætum hagsmunum

Afkoma vinnur persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna ef vinnslan er nauðsynleg til þess að félagið, þriðji aðili eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna sinna (sbr. 6. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018). Slík vinnsla fer ekki fram ef ljóst er að grundvallarréttindi og frelsi þitt sem krefst persónuverndar veða þyngra en aðrir hagsmunir af vinnslunni.

Dæmi um vinnslu sem fer fram í þeim tilgangi að gæta lögmætra hagsmuna Afkomu:

- ❖ Að útbúa og senda þér markaðssetningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu sem hentar þér.
- ❖ Að þróa og prófa nýja verkferla, viðskiptaferla og upplýsingakerfi til að bæta öryggi, vöru- og þjónustuframboð.
- ❖ Að hafa milligöngu um réttmæta upplýsingagjöf til váttryggjanda og þegar váttryggingasamningur er kominn á, halda utan um framkvæmd hans s.s. réttar greiðslur og aðstoð vegna tjónskrafna.

### Hverjir vinna með persónuupplýsingarnar þínar?

Fyrst og fremst eru það starfsmenn og verktakar hjá Afkomu sem vinna með persónuupplýsingar þínar. Vegna eðlis starfseminnar kann að reynast nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar til vinnsluaðila eða þriðju aðila. Dæmi um slíka aðila eru:

- ❖ Váttryggingafélög
- ❖ Umboðsmenn váttryggingafélaga
- ❖ Þjónustuaðilar Afkomu, s.s. fyrirtæki í upplýsingatækniþjónustu.
- ❖ upplýsinga- og tæknifyrirtæki fjármálastofnanir, lögmenn, lækna og heilbrigðisstarfsfólk.

Þá gæti Afkoma þurft að veita persónuupplýsingar til þjónustuaðila t.d.

- ❖ Öryggisstarfsfólks,
- ❖ Sérfræðinga, s.s. endurskoðenda, lögmanna, lækna og heilbrigðisstarfsfólks.
- ❖ Opinberra aðila á grundvelli lagaskyldu, s.s. eftirlitsaðilum og skattyfirvöldum.
- ❖ Auglýsinga og markaðsráðgjafa
- ❖ Hýsingar eða þjónustuaðila vegna gagnavinnslu/vistunar.

Miðlun til aðila utan Íslands.

Samstarfsaðilar okkar innan EES svæðisins geta fengið aðgang að persónuupplýsingum þínum. Dæmi um slíka aðila eru erlend váttryggingafélög sem starfa innan EES. Afkoma hefur enga samningsaðila fyrir utan EES svæðið og miðlun upplýsinga til þriðja lands (lands utan EES/ESB) færi ávallt eftir reglum 16. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Afkomu krefjast og málefnaleg ástæða er til. Að jafnaði eru persónuupplýsingar sem falla undir lög um bókhald varðveitt í 5-7 ár frá sérhverjum viðskiptum. Þegar upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar til að uppfylla samningsbundnar skyldur Afkomu við þig eða til að uppfylla lagaskyldu, er þeim eytt.

### Þinn réttur til upplýsinga

Þú nýtur ákveðinna réttinda samkvæmt lögum í tengslum við vinnslu á persónuupplýsingum um þig.

Þú átt rétt á og getur óskað eftir tilteknum upplýsingum með því að senda skriflega fyrirspurn á [afkoma@afkoma.is](mailto:afkoma@afkoma.is). Í því felst réttur til

- a) að fá að vita hvaða persónuupplýsingar eru skráðar um þig og hvernig þær séu unnar.
- c) að persónuupplýsingar um þig séu uppfærðar og leiðréttar,
- d) að persónuupplýsingum um þig sé eytt, ef ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær,
- e) að andmæla og/eða takmarka hvernig persónuupplýsingar séu unnar,

Öllum beiðnum verður svarað eins fljótt og auðið er. Við áskiljum okkur rétt til að nýta tímaramma laganna til að bragðast við með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru.

Þér er ávallt heimilt að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú telur að vinnsla okkar sé ekki í samræmi við gildandi löggjöf. Ef þú vilt frekari upplýsingar um réttindi þín eða hvernig þú getur nýtt þau, biðjum við þig um að hafa samband við okkur á [afkoma@afkoma.is](mailto:afkoma@afkoma.is)

### **Afturköllun samþykkis**

Þegar þú hefur veitt okkur persónuupplýsingar þínar með samþykki þínu og af sjálfsdáðum, getur þú alltaf afturkallað slíkt samþykki. Afturköllun á samþykki getur haft þær afleiðingar að við, eða váttryggingafélag þitt, getum ekki komið samnings sambandi á eða uppfyllt samnings skyldur við þig.

### **Öryggi og vernd persónuupplýsinga**

Við leggjum mikla áherslu á að vernda allar persónuupplýsingar. Við munum tilkynna þér án ótilhlýðilegrar tafar ef það kemur upp öryggisbrot er varðar persónuupplýsingarnar þínar og hefur í för með sér mikla áhættu fyrir þig. Með öryggisbroti er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögætrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi

### **Breytingar á persónuverndarstefnu**

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Við tilkynnum um allar breytingar með því að birta nýja persónuverndarstefnu á heimasíðu Afkoma. Þér er því ráðlagt að kynna þér persónuverndarstefnuna reglulega en breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu. Við tökum öllum athugasemdum um persónuverndarstefnuna fagnandi og hvetjum þig til að senda okkur fyrirspurn.